



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 4. mars 2024



## **Sjöundi fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 4. mars 2024 kl. 12.00.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. Umsókn um HM 2029/2031  
GBO kynnti stöðu umsóknar um HM 2029/2031. Líkur eru á því að Ísland fái annað mótið ásamt Danmörku og Noregi þar sem umsóknir hafa borist frá 2 aðilum en auk okkar eru það Frakkland og Þýskaland. Svo virðist sem Saudi Arabía hafi ekki sótt um. Kynning verður á umsókninni hjá IHF 16. apríl og þá verður mótunum úthlutað.
  - b. Starfsmannamál  
RG kynnti ráðningu á bókara en Dagur Snær Steingrímsson hóf störf um mánaðarmótin. Þá mun ráðningarferli íþróttastjóra hefjast núna í mars.
  - c. Verkefni framundan  
Bikarúrslitavikan er að hefjast og verður leikið í Laugardalshöll frá miðvikudegi til sunnudags. Þá fer karlalandsliðið til Grikklands á mánudaginn þar sem liðið verður við æfingar og leikur 2 leiki við heimamenn. Þá mun kvennalandsliðið koma aftur saman í lok mars og spilar 2 úrslitaleiki í byrjun apríl um laust sæti á EM.
  - d. Styrktaraðilar  
Viðræður eru í gangi vegna búningasamnings og vonast er eftir niðurstöðu þeirra viðræðna í vikunni. Mikilvægt er að hefjast handa við endurnýjum styrktarsamninga samhliða því.
3. Sjórnvarpsmál  
RG kynnti stöðu sjónvarpsmála og stöðuna á úrslitakeppninni.
4. Formannafundur  
Formannafundur verður haldinn um leið og niðurstaða kemur í stöðu sjónvarpsmála.
5. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari